



## Starfsmannastefna Ísafjarðarbæjar – uppfærsla og breyting á nafngift

Núverandi starfsmannastefna Ísafjarðarbæjar var samþykkt af bæjarstjórn þann 6. júní 2013 og telur undirritaður því kominn tími til að endurskoða hana aðeins og uppfæra.

Helstu breytingar sem lagðar eru til fela í sér að hlutverkslýsingu hefur verið bætt inn í mannauðsstefnuna, auk þess sem nokkur atriði í stefnunni hafa verið uppfærð og nokkrum bætt við.

Þá er lagt til að nafni stefnunnar verði breytt úr starfsmannastefnu í **mannauðsstefnu**.

Meðfylgjandi er tillaga að uppfærðri stefnu sem óskað er eftir að verði tekin til skoðunar og samþykktar:

----

### Mannauðsstefna Ísafjarðarbæjar

Markmið mannauðsstefnunnar er að tryggja að hjá Ísafjarðarbæ starfi hæft starfsfólk og sköpuð séu starfsskilyrði þar sem það getur notið sín og dafnað í starfi. Í stefnunni felast jafnframt þær væntingar sem Ísafjarðarbær hefur til starfsfólks svo sveitarfélagið geti veitt íbúum sínum bestu mögulegu þjónustu.

Í stefnunni er fjallað um leiðir stjórnenda og starfsfólks til að ná fram markmiðum um starfsánægju, hæfni, árangur og velferð starfsfólks. Ábyrgð á framkvæmd aðgerða til að ná settum markmiðum er einkum á höndum stjórnenda. Það er þó sameiginleg ábyrgð alls starfsfólks og bæjaryfirvalda að vinna markvisst að heilbrigðum og góðum starfsanda, gagnkvæmri virðingu meðal starfsfólks, árangursríkum samskiptum og vinnugleði. Í mannauðsstefnu Ísafjarðarbæjar eru gildi Ísafjarðarbæjar og hlutverkalýsing höfð að leiðarljósi. Gildin eru:

### Þjónusta - Frumkvæði - Virðing

Hlutverkalýsing og einkunnarorð starfsfólks Ísafjarðarbæjar eru; „**Við þjónum með gleði til gagns**“ og með því hugarfari tökum við á móti öllum þeim verkefnum sem okkur eru falin í vinnu hjá Ísafjarðarbæ.

### Með gildi og einkunnarorð í forgrunni ætlar Ísafjarðarbær að:

- Leggja áherslu á hrós, endurgjöf, fræðslu og starfsþróun og skapa þannig góðan vinnustað sem endurspeglar sameiginleg gildi.
- Útvega starfsfólki sínu þann búnað sem það þarf til að þjónusta bæjarbúa.
- Standa fyrir námskeiðum og fyrirlestrum, gera fólki kleift að sækja utanaðkomandi námskeið og stunda nám samhliða vinnu.
- Virða ólíka einstaklinga með mismunandi hæfileika og viðurkenna að starf þeirra er forsenda að velgengni sveitarfélagsins.

- Bjóða nýju starfsfólki uppá nýliðakynningu þar sem það er frætt um starfsemi, markmið og stefnu Ísafjarðarbæjar.
- Tryggja að nýtt starfsfólk fái allar nauðsynlegar upplýsingar og kynningu á vinnustaðnum og nánasta samstarfsfólki.
- Virða mannréttindastefnu sveitarfélagsins.
- Gefa starfsfólki kost til starfsþróunar sem eykur getu þess til að þjóna bæjarbúum.

### **Ísafjarðarbær væntir þess af starfsfólki að það:**

- Þekki hlutverk Ísafjarðarbæjar og fylgi stefnu hans.
- Leggi sig fram við að veita bæjarbúum góða þjónustu og beri virðingu fyrir samstarfsfólki, viðskiptavinum, reglum og eigum Ísafjarðarbæjar.
- Stuðli að góðum starfsanda og taki þátt í að byggja upp heilbrigða vinnustaðamenningu.
- Sé vakandi fyrir nýjum sóknarfærum, taki áskorunum, finni nýjar lausnir og hrindi þeim í framkvæmd.
- Viðhaldi þekkingu sinni og auki við hana eins og efni standa til.
- Sýni sveigjanleika og sé tilbúið að taka þátt í breytingum.
- Gæti þess að fjalla um málefni bæjarins á ábyrgan hátt.

### **Hvatt verður til endurgjafar og ábyrgðar:**

- Yfirmenn hvetji og leiðbeini undirmönnum, ræði það sem betur má fara í þjónustu og samskiptum við innri sem ytri þjónustuþega og hrósi fyrir það sem vel er gert.
- Til að ná árangri þarf að vinna að sameiginlegu markmiði. Með árlegum starfsmannasamtölum fær starfsfólk nauðsynlega endurgjöf og tækifæri til að þróast í starfi og gera betur.
- Starfsfólk er ávallt fulltrúar Ísafjarðarbæjar og skal gæta trúnaðar og sanngirni í allri umfjöllun.
- Starfsfólk skal virða og fylgja reglum Ísafjarðarbæjar, lögum, reglugerðum, samþykktum og stefnum sem markaðar hafa verið.
- Bæjarstjóri er ábyrgur fyrir viðhaldi mannauðsstefnu og felur sviðsstjórum eftirfylgni hjá sínum undirmönnum.
- Sett verði mælanleg markmið og árangur mældur reglulega með könnunum.

### **Vandað starfsmannaval:**

- Ólíkir einstaklingar með fjölbreytta reynslu, menntun og hæfileika eru lykillinn að velgengni sveitarfélagsins.
- Störf eru auglýst samkvæmt gildandi reglum Ísafjarðarbæjar um auglýsingar og ráðningar.
- Stjórnendur fái fræðslu um ráðningar og styðjist við leiðbeiningar um ráðningar í störf. Þeir viðhafi fagmennsku sem tryggji jafnræði, gegnsæi og heiðarleg vinnubrögð, með það að markmiði að ráða hæfasta umsækjandann hverju sinni.

## **Gott starfsumhverfi:**

- Stjórnendur styðjist við gátlista um móttöku nýrra starfsmanna.
- Starfslýsingar séu gerðar fyrir öll störf.
- Starfsfólk hafi góðan aðgang að næsta yfirmanni og tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri.
- Hvatt er til uppbyggilegra skoðanaskipta og umræðna þar sem lausnarmiðun er höfð að leiðarljósi.
- Starfsumhverfið er fjölbreytilegt og það er sameiginlegt hlutverk alls starfsfólks að skapa góðan vinnustað, s.s. með því að taka þátt í umbótum og breytingum.
- Ísafjarðarbær hvetur starfsfólk sitt til þess að stunda reglulega hreyfingu og huga að andlegri og líkamlegri heilsu sinni.
- Hvatt er til notkunar umhverfisvænna og heilsusamlegra samgangna til og frá vinnu og á vinnutíma.
- Vinna og einkalíf eru samræmd með gagnkvæmum sveigjanleika og þannig stuðlað að fjölskylduvænum vinnustað.
- Sýnd sé umhyggja og aðhald í tengslum við fjarveru og leitast við að draga úr álagi sem forföll starfsmanna geta valdið samstarfsfólki.
- Einelti, hroki, ofbeldi, kynbundin eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin.
- Unnið er markvisst að öryggi og vinnuvernd starfsmanna.

## **Starfslok:**

- Yfirmenn undirbúa starfslok vandlega og eiga starfslokasamtöl við starfsfólk til að tryggja að þekking haldist innan vinnustaðarins og til að greina ástæður þess að starfsfólk lætur af störfum.
- Stjórnendur noti gátlista við starfslok.

*Virðingarfyllt,*  
Baldur Ingi Jónasson, mannauðsstjóri